



## Afstöðumynd - mkv. 1:500

Breytingar A, dags. 12.07.2019:

- Göngustígur að húsi er færður ofan við bílastæði til þess að aðlaga stígginn betur að landhæð.
- Eldhúsinrétting er færð á útvegg frá því að vera við innvegg á milli stofu og svefnálmu og helluborði er komið fyrir í nýrri eldhúseyju.
- "Brot" á berandi innvegg á milli stofu og svefnálmu fellur út.
- Badherbergi stækkað á kostnað svefnherbergis svo að þvottavél komist fyrir við hliðina á sturtu.
- Neðri brún á gluggum í forstofuherbergjum er hækkuð til jafns við aðra glugga á norðurhlíð.
- Glugga á suðurhlíð í alrými er hliðrað til og hann sikkadur niður í gólf. Gluggi með öryggisgleri.
- Nýr opnanlegur gluggi á suðurhlíð.
- Útisvæði er steypt í stað timburklæðningar.
- Allir útveggir eru klæddir með litaðri láréttri bárujárnsklæðningu í stað timburklæðningar.

Breytingar B, dags. 25.09.2020:

- Fellt er út sorptunnuskýli við húsið og þess í stað er reist eitt sameiginlegt sorpskýli fyrir öll tólf húis Eflingar stéttarfélags við innkeyrsluna inni hverfið. Við sölu á einu eða fleiri húsum innan svæðisins á almennan markað, skuldbindur Efling stéttarfélag sig til að afhenda væntanlegum kaupanda húsin með sér sorptunnuskýli við hvert og eitt íbúðarhús samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins í sorpmálum hverju sinni. Þegar Efling stéttarfélag hefur selt frá sér síðasta húsið á almennum markaði, skuldbindur félagið sig til að fjarlægja sameiginlega sorpskýlið á sinn kostnað.
- Stálskábraut er komið fyrir framan við aðalinnangang hússins.

Breytingar C, dags. 01.07.2021:

Fellð er út krafa um aðgengi fyrir alla.



## Byggingarlýsing

### Almenn lýsing

Um er að ræða einnar hæðar einbýlishús á lóðinni Mosar 8 í Bláskógabyggð. Húsið er á steyptum undirstöðum og steyptri einangraðri gólfplötu. Pak, útveggir og berandi veggir eru úr timbri. Pak er klætt með borðaklæðningu, þakpappa og bárustáli. Ysta byrði útvegga er úr litaðri bárujárnsklæðningu. Byggingin skal uppfylla hljóðvistarflokk C samkvæmt ÍST 45.

### Útveggir

Burðargrind útvegga er úr 45x150 mm timbri sem klædd er með krossvið að utanverðu. Innan á burðargrind kemur rakavarnarlag og lagnagrind sem klædd er tvöfaldrí plötuklæðningu úr krossvið og gífsi, þykkt einangrunar innan í burðargrind er 150 mm.

### Þak

Þak er byggt úr timbursperrum, einangrað með 220 mm steinull, klætt með borðaklæðningu, þakpappa og lituðu bárustáli. Neðar við einangrun í þaki og niðurtæknun loftum kemur rakavarnarlag. Sem neðsta lag neðani öllum loftum hússins er hljóðdempandi dúkur sem strengdur er þvert yfir rýmin.

### Innveggir

Innveggir eru almennt úr 70 mm blikkgrind, fylltir með einangrun og klæddir með tvöföldu lagi af 13 mm gífsplötum á bæði byrði veggisins. Á alla fleti innan í öllum votrymum skal klæða með tvöföldu lagi af rakaheldum gífsplötum. Berandi innveggir eru úr 45x95 mm timburgrind, klæddir með krossviðarplötum á bæði byrði. Yfir krossviðarplötunum er klætt með einu lagi af gífsplötum á bæði byrði.

### Einangrun

Öll einangrun er steinull nema einangrun undir grunnplötu og sókkla sem er einangrunarplast. Grunnplata og sókklar eru einangraðir með 100 mm einangrun. U-gildi, raka- og vindvarni, ásamt loftþéttleika skulu uppfylla 13. kafla byggingarreglugerðar.

### Gluggar og útihurðir

Allir gluggar eru timburgluggar, álkæddir að utan og með tvöföldu einangrunargleri (K-gleri). Allar úti- og svalahurðir eru úr timbri með tvöföldu einangrunargleri (K-gleri). Þar sem gler er nær gólf en 0,60 m skal glerið í veggnum eða glugganum vera víðeigandi öryggisgler samkvæmt 8.5. kafla og nægjanlega þykkt til að standast fyrirhugað álag.

### Upphitun

Húsið er hitað upp með hitaveitlutengdu gólfhitakerfi. Handklæðaofnar eru á badherbergi og snyrtingu.

### Loftþræsing

Vélræn loftþræsing er í öllum gluggaálsum rýmum, auk stofu og eldhúss, snyrtingar og badherbergis. Náttúruleg loftþræsing er um opnanleg fóg er í öðrum rýmum.

### Lagnaleiðir

Rafllagnir eru í lagnagrindum í útveggjum, þaki og í niðurtæknun lofti. Hitaglagnir eru í grunnplötu og neysluvatnslagnir eru undir grunnplötu. Loftþræsing frá vélrænni loftþræsingu fer beint upp á þak. Hámarks hitastig á heitu neysluvatni á töppunarstað er 65 gráður og lágmarkshitastig á heitu neysluvatni er 60 gráður. Við sturtur, handlaugar og vaska korni hitastyrð blöndunartæki. Hiti neysluvatns á töppunarstað fari hvergi yfir 43 gráður.

### Innihurðir

Hindrunarlaus umferðarbreidd á innihurðum inni eldhúsi, stofu, stærra badherbergið og a.m.k. eitt svefnherbergi skal vera 80 sm. Allar innihurðir skulu vera þröskuldslausar. Hindrunarlaus hæð á innihurðum er 200 sm.

### Gólf og loft

Á öllum gólfum eru flisar.

Sem neðsta lag neðani öllum loftum hússins er hljóðdempandi dúkur sem strengdur er þvert yfir rýmin.

### Flóttaleiðir og handslökkvibúnaður

Þjörgunarpöng eru úr öllum svefnherbergjum. Reykskynjarar skulu vera á göngum, svefnherbergjum ásamt stofu og eldhúsi. Handslökkvitæki skulu staðsett í samráði við slökkvilið. Eldvarnarteppe skal koma fyrir í samráði við slökkvilið. Í eldhúsinréttingu ska vera læstur skápur annars vegar fyrir lyf og hins vegar fyrir hættuleg þvottaeefni, hreinsiefni o.þ.h. í þvottastaðstöðu.

### Vottanir

Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hlotið hafa staðfestingu tilnefnds aðila á samræmi eða eru CE-merktar, samanber kafla VIII í mannvirkjalögum.

### Önnur atriði

Litur þak- og veggjaklæðningar húss er að vali arkitekts.

Frárennsli frá húsi er í rotbró í eigu og rekstri sveitarfélagsins.

Tvö bílastæði eru innan lóðar. Rafhleðslumöguleiki er við annað bílastæðið.

Lyfjakassa og læsta hirsli fyrir hættuleg efni skal staðsetja í eldhúsi.

Stærð og staðsetning á póstkassa skal uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar.

Skýli fyrir tvær sorptunnur er við lóðarmörk.

Setlaug á útisvæði skal búin læsanlegu loki til að hylja laugina með þegar hún er ekki í notkun. Barmur setlaugar skal vera a.m.k. 0,40 m yfir göngusvæði umhverfis hana. Lok skulu vera fest og þannig frágengin að börn geti ekki opnað þau.

### Aflþörf og leiðnitap

Sjá orkuramma.

### Stærðir

Landnúmer er L228786.

Lóðarstærð er 1120 m<sup>2</sup>.

Nýtingarhlutfall er 0.088

Heildarflatarmál húss er 99.2 m<sup>2</sup>.

Heildarrúmmál húss er 543.1 m<sup>3</sup>.

Aðrir stærðir sjá skráningartöflu.

Mosar 8

Bláskógabyggð

aðalinnihurð og hönnunarstjóri: Ágúst Halsteinnsson arkitekt

vér: 06-16-01

kvarði: 1:500

efni: Afstöðumynd.

dags: 31.05.2019 a: 12.07.2019 b: 25.09.2020 c: 01.07.2021 d:

blað: 101C

**form**

Ágúst Halsteinnsson kt: 220361-4979

arkitekt FAÍ

form ráðgjöf ehf. kt: 611206-0460 Kaupangar v/Mýravegi 600 Akureyri sími: 462 6099 gsm: 891 7970 - form@nett.is